

Heil og sæl

Þakkað er boð um að gera athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni), 350. mál.

Þörungaverksmiðjunni hf. gerir eftirfarandi athugasemdir við framangreint lagafrumvarp og athugasemdir sem því fylgdu.

1. Frumvarpið byggir á því að unnt sé að skera árlega 40.000 tonn klóþangs úr fjörum sjávarjarða við Breiðafjörð. Þörungaverksmiðjan ætlar að þetta sé grundvöllur fyrir afstöðu ráðuneytis um að ekki sé tilefni til þess að óttast ráðagerð nýs aðila um að byggja upp starfsemi í Stykkishólmi sem ætlað er að tvöfalda nýtingu þangs í firðinum.

Þörungaverksmiðjan telur að ekki hafi verið sýnt fram á að framangreint magn muni nást miðað við hefðbundnar aðferðir við þangskurð. Sjálfbær nýting á sjávargróðri verður að vera forsenda allrar nýtingar. Telur Þörungaverksmiðjan að þetta magn verði ekki tekið með sjálfbærum hætti úr firðinum, jafnvel þótt áætlun Hafrannsóknastofnunar um 1.000.000 til 1.400.000 tonna lífmassa í firðinum geti staðist. Ástæðurnar eru m.a. eftirfarandi: Gæta þarf að því að skaða ekki þangplöntur við slátt. Endurspeglast það m.a. í reglugerð um öflun sjávargróðurs sem mælir fyrir um að stilkur plöntunnar skuli eftir slátt að jafnaði ekki vera lægri en 25 cm mælt frá festunni. Við þangslátt er farið samsíða ströndinni og leiðir halli sjávarbotns frá landi þar sem þangið vex til þess að sláttuhnífar pramma sem fjær eru fjörunni skilja meira eftir en þeir sem eru nær fjöru. Þangfjörur eru ekki sléttar sem tún. Burtséð frá lagatexta um fjölda sentímetra þá verður að gæta að því að reka ekki sláttuhnífa í grjótklappir sem geta staðið langt uppúr sjávarbotninum. Þetta leiðir til þess að 30-70% af plöntunni verða eftir við slátt.

Þörungaverksmiðjan telur að þang sé á fjörum um 125 jarða við Breiðafjörð, frá 100 tonnum og uppí 8.500 tonn í hverri fjöru. Í sumum tilvikum eru eigendur sjávarjarða ófúsir að heimila þangskurð í sínum fjörum eða ekki næst samstaða eigenda um nýtingu þeirra. Í öðrum tilvikum er fjörur of brattar, of leirugar, eða of hættulegar, s.s. vegna strauma, eða þær eru innilokaðar. Sumar vísa móti úthafsöldum. Í einhverjum tilvikum eru fjörur of nærri iðnaði eða skólþfrárennsli. Þá eru sumar eyjar, fjörur þeirra og hólmar, friðuð með lagaboði. Að teknu tilliti til framanritaðs og út frá áratuga langri reynslu og gagnasöfnun telur Þörungaverksmiðjan að hægt sé að fá um 130.000 tonn úr þessum fjörum séu þær fullsprottnar og allar slegnar á sama ári. Þetta gerir 26.000 til 32.500 tonn á ári, gróft séð, eftir því hvort slegið sé á fjögurra eða fimm ára fresti. Rysjótt tíðarfar, einkum tengt ísuðum fjörum, hafísreka eða ofsaveðrum, hefur á tíðum leitt til skemmda á fjörugróðri og þannig hamlað nytjum og áætlunum um þangslátt.

Þörungaverksmiðjan hefur á undanförunum árum haldið því fram að óraunhæft sé og raunar óábyrgt sé að byggja á því að unnt sé að ná 40.000 tonnum af klóþangi árlega úr fjörum Breiðafjarðar. Verksmiðjan harmar að samráð við ráðuneytið hafi ekki skilað betri árangri en raun ber vitni. Sú trú eða forsenda að ganga megi út frá 40.000 tonna ársafli telur Þörungaverksmiðjan lýsa brotalöm í nálgun ráðuneytisins um grundvallaratriði sem verði að endurskoða. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að ekki hefði orðið af stofnun þess fiskveiðistjórnunarkerfis sem hér hefur verið við lýði í nær fjóra áratugi nema fyrir þá sök að þá var stjórnvöldum orðið ljóst að ekki væri nóg til handa öllum sem vildu fiska.

Ekki er tækt að rökstyðja möguleika til stórauðinnar tekju villts sjávargróðurs hér við land með því benda á mikla möguleika til þörungaráæktar. Ráðuneytið virðist þó gera þetta þegar það

rökstyður möguleika til að tvöfalda heildartekju villts klóþangs úr Breiðafirði með því að vitna til skýrslu Háskólaseturs Vestfjarða sem fjallar einungis um möguleika til þörungaræktunar. Er hér um að ræða tilvísun, í greinargerð með frumvarpinu, til þeirrar samantektar sem innsend var af Gunnar Ólafssyni inn á samráðsgátt stjórnvalda 17.09. 2020 vegna samráðs um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni). Samantektin heitir „Seaweed Aquaculture - An assessment of the legal and management structure on seaweed farming in Iceland. Sjá fyrstu umsögn í eftirfarandi krækju: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2761](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2761).

2. **Veiðigjald:** Þörungaversmiðjunni finnst eðlilegt að veiðigjald verði afnumið af klóþangi. Var búið að benda á það lengi af Þörungaverksmiðjunni og ekki síður af eigendum sjávarjarða hversu rangt það væri að leggja veiðigjald á þangtöku. Þangið vex á fjörum og er undirorpið beinum eignarrétti eigenda viðkomandi jarða. Gilda því ekki sömu rök og gilda um afgjald til þjóðarinnar af fiskveiðiauðlindinni. Þörungaverksmiðjan greiðir eigendunum fyrir hvert tonn sem skorið er í fjörum þeirra. Niðurfelling gjaldsins gefur stjórn félagsins tækifæri til þess að nýta fjármuni, sem félagið hefði greitt að óbreyttu í veiðigjald, í rannsóknir, þróun og frekari uppbyggingu með nýsköpun.

3. **Mikilvægi þess að viðurkennd sé söguleg aflareynsla og sérstök staða Reykhóla:**

Vart þarf að rekja hversu háð samfélagið á Reykhólum er nýtingu auðlindarinnar. Svo sem sjá má við lestur athugasemda við það frumvarp sem varð að lögum nr. 107/1973 um þörungavinnslu við Breiðafjörð var með stofnun vinnslu að Reykhólum ætlunin að „leggja grundvöll að varanlegum byggðakjarna“ að Reykhólum. Íbúar í Reykhólahreppi voru 236 1. janúar 2021 (fækkun um 9,9% frá 2020) og voru íbúar á Reykhólum þá 105 og hafði fækkað um 18% frá árinu áður.

Allt frá stofnun þörungavinnslu fyrir hartnær hálfri öld hefur rekstur Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum verið aðalatvinnuvegur á svæðinu. Ársstörf eru 22 í verksmiðju og útgerð fyrirtækisins auk störf verktaka við slátt. Hversu háður þessi byggðakjarni er rekstri Þörungaverksmiðjunnar endurspegladist í því ástandi sem ríkti í kjölfar þess að verksmiðjan, sem þá var orðin fjöregg byggðarlagsins, varð gjaldþrota vorið 1986. Hún var endurreist sama ár en það tók talsverðan tíma að byggðarlagið næði sér á strik.

Með frumvarpinu er lagt til að fellt verði úr lögum 116/2006 ákvæði 15. gr. c laganna um að ráðherra geti áskilið að afla af tilteknum svæðum sé einungis landað á móttökustöð fyrir sjávargróður sem hafi til þess sérstakt leyfi Fiskistofu. Jafnframt er með frumvarpinu lagt til að ákvæði XVII til bráðabirgða um að Þörungaverksmiðjan hf. á Reykhólum skuli njóta forgangs umfram aðra umsækjendur við fyrstu útgáfu leyfa til þess að reka slíka löndunarstöð, sem nemur allt að 20.000 tonnum. Þörungaverksmiðjan vill mótmæla þessum tillögum. Hafnað er þeim rökum sem ráðuneytið setur fram í greinargerð með frumvarpinu þeim til stuðnings. Sérstaklega er hafnað vangaveltum um að það geti ekki staðist lög að mæla fyrir um mismunun milli þeirra sem stundað hafa öflun sjávargróðurs og vinnslu áratugum saman úr takmarkaðri auðlind og þeirra sem vilja hasla sér völl í sömu atvinnugrein og sækja í sömu takmörkuðu auðlindina. Þörungaverksmiðjan telur að ekki gangi að gera, svo sem gert er í greinargerð með frumvarpinu, að halda því fram að tiltekið álit Samkeppniseftirlitsins, sem varðaði skyldu til þess að landa skelfiskafla í tiltekna vinnslu á Brjánslæk, geti gefið leiðbeiningu um það mál sem nú er til umfjöllunar; Umrætt tilvik er á engan veginn sambærilegt því tilviki sem hér er til umfjöllunar. Álit Samkeppniseftirlitsins fjallaði um skyldu til þess að leggja upp afla í einni verksmiðju en í framangreindu ákvæði 15. gr. c er sérstaklega mælt fyrir um að við úthlutun

vinnsluleyfa skuli leitast við að ekki færri en tveir aðilar hafi heimild til móttöku frá viðkomandi svæði. Í þessu samhengi skal einnig bent á þá lögmæltu mismunun sem komst á í tengslum við tilurð fiskveiðistjórnunarkerfisins, þar sem takmarkanir voru settar á vegna þess að ekki var nægur fiskur til þess að allir gætu tekið allt það magn sem þeir vildu. Telur Þörungaverksmiðjan fyrir séð að aðstæður varðandi þang og þara í Breiðafirði stefni í að verða sambærilegar þeim aðstæðum sem gerðu nauðsynlegt að takmarka sókn í fiskstofna fyrir um 40 árum; Ráðuneytið er, ef marka má fullyrðingar í greinargerð með frumvarpinu, upplýst um að nú eru uppi áform um að reist verði verksmiðja til vinnslu á þangi í Stykkishólmi. Margoft hefur verið fjallað um væntanlegt umfang þeirrar vinnslu í fréttum: <https://www.ruv.is/frett/75-ny-storf-med-thangvinnslu-i-stykkisholmi> og í skýrslum og samantektum sem aðgengileg eru á netinu. Í skýrslu ráðgjafanefndar vegna áhuga á rannsóknar- vinnslu og afurðamiðstöð þangs í Stykkishólmi, sem út kom í apríl 2019 segir: „Viðskiptalíkan Acadian Seaplants gengur út á að það muni taka sjö ár frá fyrstu uppskeru að byggja upp viðvarandi og sjálfbæra uppskeru sem nemur 20.000 tonnum af klóþangi og 10.000 tonnum af þara.“ Telur Þörungaverksmiðjan að ekki hafi verið sýnt fram á að þetta sé gerlegt nema Þörungaverksmiðjan dragi verulega úr starfsemi sinni. Í stað þess að leitast við að afnema áðurgreint forgangsákvæði telur Þörungaverksmiðjan að frekar eigi að leita leiða til þess að hefja yfir vafa að slík mismunun standist lög. Má í þessu sambandi nefna heimildir sem fram koma í 61. gr. EES samningsins sem m.a. leyfir aðstoð hins opinbera „til að efla hagþróun á svæðum þar sem lífskjör eru óvenju bágborin eða atvinnuleysi mikið“ ... eða til að „greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagssvæða enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum“

4. Stjórnun á grundvelli 5 ára nýtingaráætlana: Þörungaverksmiðjan telur hugmyndir um stjórnun á grundvelli 5 ára nýtingaráætlana góðra gjalda verðar og í samræmi við það sem Þörungaverksmiðjan hefur ástundað. Hins vegar sé 5 ára leyfistími of stuttur. Nýting sjávargróður kallar á miklar langtíma fjárfestingar og er nauðsynlegt að sjá lengra fram í tímann en þessi leyfistími endurspeglar. Nær væri að tala um 20 eða 30 ára tíma. Eðlilegt sé að umsækjendur um leyfi geti sýnt fram á að hafa fjárhagslegar og rekstrarlegar forsendur sem þarf til rekstrarins, þ.m.t. að hafa gert nægilega marga samninga/nýtingaráætlanir til þess að standa undir rekstrinum næstu 10 árin. Þetta síðasta er mikilvægt til þess að eyða þeirri óvissu sem Þörungaverksmiðjan telur vera um magn þangs og þara sem heimilt sé að vinna í Breiðafirði.
5. Varúðarnálgun sú sem átti að viðhafa, sbr. l. 49/2017 er svipt í burtu: Slík varúðarnálgun endurspeglast í 3. - 6. mgr. 3. gr. l. 116/2006 um stjórn fiskveiða og í XVIII. ákvæði þeirra til bráðabirgða. Þörungaverksmiðjan sér sig tilneydda til þess að ítreka fyrri gagnrýni á ráðuneytið sem lætur liggja að því að svo yfirgripsmiklar rannsóknir og vöktun hafi farið fram að slíks sé ekki lengur þörf. Telur Þörungaverksmiðjan mikilvægt að mælt verði fyrir um skyldu til þess að beita varúðarnálgun þar til fullnægjandi vísu hefur fengist um áhrif aukinnar nýtingar; í þessu felist m.a. að nýir aðilar fái ekki heimildir til skurðar án þess að niðurstaða rannsókna liggja fyrir, nema þá í mjög takmörkuðum mæli.

Í stað þess að fjalla með óljósum hætti um rannsóknir eða vöktunarverkefni sem NFSÍ hafi „stundað á næstliðnum árum, meðal annars í samstarfi við Hafrannsóknastofnun“ hefði verið eðlilegra að greina Alþingi frá því hvað í þessu er fólgið. Þörungaverksmiðjan telur að þessar rannsóknir sem vísað sé til hafi verið minniháttar og ekkert í líkingu við það sem upp var lagt með við setningu l. 49/2017, þ.e. framangreindum ákvæðum sem nú er lagt til að felld verði úr lögum. Vill Þörungaverksmiðjan að mótuð verði og lögð fram sú 3ja ára rannsóknar- og

vöktunaráætlun sem lögin mæla nú fyrir um. Hvort aðkoma NFSÍ skuli vera sú sem segir í núverandi ákvæðum l. 116/2006 skal látið liggja milli hluta.

6. Mikilvægi trúnaðar um viðkvæmar viðskiptalegar upplýsingar.

Ekki er með öllu ljóst hvort Þörungaverksmiðjunni sé skylt að gefa upplýsingar, um aflabrögð í þeim fjörum sem samningar eru um, með þeim hætti að þær séu öllum aðgengilegar. Réttarstaða varðandi þetta skv. reglugerð nr. 298/2020 um skráningu og rafræn skil aflaupplýsinga sýnist ekki nægilega skýr að mati Þörungaverksmiðjunnar.

Eðlilegt er að með lögunum sé tekinn af allur vafi um að ekki sé skylt að gefa upp afla eftir jörðum nema til jarðeigenda.

7. Um ákvæði varðandi þara.

Ástæða er til að benda á að lagafrumvarpið leggur mesta áherslu á stjórnun þangtekju en minni áherslu á aðrar tegundir sjávargróðurs. Því eiga flestar athugasemdir hér að framan nær eingöngu við um þang. Þörungaverkmiðjan vill þó minna á að ástæða er til að skerpa á löggjöf um nýtingu á þarategundum, s.s. stórþara og hrossaðara og auka rannsóknir á þeim, þótt það verði ekki gert að umtalsefni hér.

Mjög mikilvægt er að lögin tryggji Þörungaverksmiðjunni forgang til þeirra svæða sem hún hefur á undanförunum áratugum nýtt við töku stórþara og hrossaðara í Breiðafirði. Ekki er víst að ákvæði í 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins dugi til þess.

Ýmsar athugasemdir við einstakar greinar:

1. gr: Gert er ráð fyrir að 3. og 4. mgr. 2. gr. verði felldar brott.

Þörungaverksmiðjan er mótfallin því að 3. mgr. 2. gr. falli brott. Þriðja málsgreinin fjallar um atriði sem ætla má að eigi fyrst og fremst um fiskveiðar og er óljóst hvort þau ákvæði geti efnis síns vegna átt við um þang- og þaratekju. Óþarft sýnist að gefa færi á ágreiningi um þetta. Ekki er gert athugasemd við að 4. mgr. falli á brott.

2. gr: Ekki eru gerðar athugasemdir við að ekki skuli áfram gert ráð fyrir að Náttúrufræðistofnun Íslands í samvinnu við Hafró sjái um þá vöktun sem ráðgerð hefur verið. Hins vegar eru gerðar athugasemdir við að hin ráðgerða vöktun verði alfarið slegin af, enda er sú þekking sem henni er ætlað að afla, forsenda fyrir því að geta í raun hvatt nýja aðila til þess að auka nýtingu í Breiðafirði með þeim hætti sem ráðuneytið virðist t.d. gera. Sjá almennar athugasemdir.

3. gr: Gerð er athugasemd við þá fyrirætlan að fella niður ákvæði 5. gr. sem er svohljóðandi: „Skip sem stunda öflun á sjávargróðri í atvinnuskyni skulu leggja upp aflann í móttökustöð fyrir viðkomandi svæði skv. 15. gr. c.“ Sjá nánar lið 3. hér á undan.

4. gr.: Sjá framar.

Þörungaverksmiðjan hefur leyfi til öflunar þangs og þara. Mikilvægt er að fram komi í lögunum að það leyfi gildi áfram.

Gerður er áskilnaður um frekari athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt

Finnur Árnason

Framkvæmdastjóri

Sími 434 7803 | Gsm 8240805